

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1253/2019 um stuðning við sauðfjárrækt.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo:

Þrátt fyrir 2. mgr. 5. gr. skal árið 2020 greidd tvöföld greiðsla fyrir janúar, mars, apríl, maí og júní en á móti felld niður greiðsla fyrir febrúar, september, október, nóvember og desember. Einföld mánaðargreiðsla er fyrir júlí og ágúst.

2. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. apríl 2020.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Linda Fanney Valgeirsdóttir.*